

Ég veit ekki hversu mikinn tíma ég hef
en ég veit að það er ekki mikið eftir að honum;
herð' upp hugann og kem því öllu frá mér,
skrifa niður allar tilfinningarnar sem búa í brjósti mér,
tek andköf,
loka augunum og þrýsti vísifingrinum á enter.
Ég þori ekki að opna augun,
sit bara með fingurinn á lyklaborðinu og bíð eftir að örlög mín verði ráðin.
Opna augun hikandi,
eftirvæntingarfullur og stressaður, þori varla að gá hvort þú hafir svarað mér,
við mér blasir svartur skjár,
batterið búið.
ósent.